

Sp.

922. Svar

[375. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Karls Steinars Guðnasonar um upphitun flugbrautar við Sauðárkrók.

1. Áætlanir um upphitun flugbrautar.

Fyrirtækið Fjarhitun hf. hefur gert tvær áfangaskýrslur um snjóbræðslu á Sauðárkróksflugvelli fyrir Flugmálastjórn. Niðurstöður þeirra skýrslna eru jákvæðar og segir í þeim: „að snjóbræðsla komi til álita“.

2. Rannsóknir.

Orkustofnun gerði athugun á svæðinu árið 1984 að beiðni hitaveitu Sauðárkróks vegna fiskiræktar, ylvers og flugvallarins.

3. Vatnsnotkun.

Fyrir liggur áætlun um að heildarvatnsnotkun á ári verði um 190 000 tonn miðað við 18 m breidd og 1000 m lengd flugbrautar. Samkvæmt upplýsingum þeim, sem nú liggja fyrir frá yfirvöldum á Sauðárkróki, er talið að nægilegt heitt vatn sé fyrir hendi, en svo gæti farið að bora yrði nýja holu ef öll flugbrautin yrði hituð upp, þ.e. um 45 m breidd og 2000 m löng flugbraut.

4. Kostnaðaráætlun.

Kostnaðaráætlun var gerð í júní 1984 og hljóðaði upp á 10,3 milljónir króna (byggingarvísitala 164). Fært til núvirðis yrði kostnaður 16,7 milljónir króna (byggingarvísitala 265) miðað við 1000 m langa og 18 m breiða flugbraut.